

1 Jafnréttismál

2 Vitund og virðing fyrir kvenfrelsi og jafnrétti allra kynja er forsenda þess að uppræta
3 staðalímyndir um hlutverk kynjanna og tryggja raunverulegt jafnrétti á öllum sviðum
4 samfélagsins. Hugrekki og framsýni þarf til að tryggja að Ísland verði áfram í fararbroddi á
5 alþjóðavettvangi um jafnrétti. Áhersla er lögð á jafna stöðu og jöfn réttindi allra einstaklinga óháð
6 kyni, aldri, búsetu, líkamlegu atgervi, fötlun, trúarbrögðum, skoðunum, uppruna, kynþætti,
7 litarhætti, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og stöðu að öðru leyti. Uppræta þarf rótgróna
8 fordóma í samfélaginu og huga sérstaklega að stöðu þeirra sem höllustum fæti standa.
9 Samfélagið á að styðja jafnt við alla foreldra, óháð stöðu, og með áherslu á að foreldrar og börn
10 geti notið samvista í sanngjörnu kerfi.

- 11 • **Kynbundið ofbeldi er ólíðandi**
- 12 • **Jafnrétti á vinnumarkaði**
- 13 • **Tryggjum lagaleg réttindi hinsegin fólks**
- 14 • **Tryggjum jafnrétti fatlaðs fólks**

15 *Landsþing 11. febrúar 2023*

16 **Kynbundið ofbeldi er ólíðandi**

17 Kynbundið ofbeldi skal uppræta með opinni umræðu, ásamt forvörnum og fræðslu. Lögregla,
18 ákærvald og dómstólar þurfa að vera í stakk búin til að sinna þessum mikilvægu og viðkvæmu
19 málum og þjónusta þarf að vera til staðar fyrir þolendur um land allt. Brýnt er að tryggja
20 þolendum ofbeldis nauðsynlegan stuðning og þjónustu. Mikilvægt er að styrkja réttarstöðu
21 brotþola og efla traust þeirra á kerfinu, veita þeim aðild í sakamálum og skerpa hlutverk
22 réttargæslumanna. Auka þarf aðgengi þeirra sem beita ofbeldi að úrræðum til þess að koma í
23 veg fyrir endurtekið og áframhaldandi ofbeldi. Þá þarf að veita þolendum mansals fullnægjandi
24 réttarvernd og stuðning.

25 Tryggja þarf að löggjöf sé nútímaleg og geti tekið á nýjum tegundum afbrota, s.s. rafrænu
26 kynferðisofbeldi og kynjuðu ofbeldi. Fjármagna þarf samstillt átak ríkis, sveitarfélaga,
27 fræðasamfélagsins og grasrótarsamtaka til að sinna þessu verkefni. Lög og réttarvörslukerfi eru
28 ekki nægjanlega vel í stakk búin til þess að taka á málum á borð við kynferðisofbeldi. Því þarf að

29 skoða og leggja fram fleiri leiðir í úrvinnslu þessara mála. Kynbundið ofbeldi er kerfisbundið
30 ofbeldi. Hafa þarf minnihlutahópa og fólk af erlendum uppruna sérstaklega í huga þegar lagðar
31 eru fram úrbætur á kerfinu.

32 **Jafnrétti á vinnumarkaði**

33 Jafnrétti á vinnumarkaði er órjúfanlegur þáttur í réttlátu og sanngjörnu samfélagi. Kynbundinn
34 launa- og stöðumunur er óviðunandi. Hann verður að uppræta með öllum ráðum og því er
35 mikilvægt að jafna hlutföll kynja og ná fram félagslegri vídd á öllum sviðum. Það þarf sérstakt
36 þjóðaráttak, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, um lagfæringu á kjörum kvennastétta svo
37 þau verði sambærileg við aðrar stéttir með sambærilega menntun og ábyrgð. Kynbundnu
38 námsvali þarf að útrýma með átaki allra aðila. Ríki og stofnanir skulu beita kynjaðri fjárlagagerð
39 og hafa jafnréttislög til viðmiðunar við ráðningu í öll störf. Atvinnutækifæri á landsbyggðinni geta
40 skipt máli þegar fólk velur sér búsetu og því þarf að hafa í huga að til staðar séu jöfn tækifæri
41 fyrir öll kyn allt landið um kring.

42 **Tryggjum lagaleg réttindi hinsegin fólks**

43 Baráttunni fyrir jöfnum réttindum hinsegin fólks er hvergi nær lokið. Tryggja þarf hinsegin fólki
44 fullnægjandi réttindi og útvíkka jafnréttislöggjöf á vinnumarkaði þannig að hún nái einnig til
45 hinsegin fólks. Viðreisn telur brýnt að lagaleg réttindi hinsegin fólks séu tryggð með heildstæðri
46 og víðtækri löggjöf þar sem mannréttindi og sjálfræði einstaklingsins yfir eigin líkama eru höfð
47 að leiðarljósi. Ísland marki sér skýr markmið til umbóta á hinsegin málum með Regnbogakort
48 ILGA Europe að leiðarljósi og verði komið í fremstu röð ríkja fyrir 2028. Áfram verði unnið að
49 banni við bælingarmeðferðum.

50 **Tryggjum jafnrétti fatlaðs fólks**

51 Við leggjum áherslu á að lögfesta samning SP um réttindi fatlaðs fólks og fylgja honum eftir með
52 skýrum aðgerðum. Semja þarf við sveitarfélög til að tryggja réttláta skiptingu kostnaðar ríkis og
53 sveitarfélaga. Tryggja þarf fötluðu fólki sambærileg líf skjör og öðrum. Samfélagið á að vera
54 þannig úr garði gert að fólk með fatlanir geti lifað eðlilegu lífi á eigin forsendum. Tryggja þarf
55 réttindi fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins og sjá til þess að margþættum þörfum sé
56 mætt. Þannig er jafnræðis gætt og þátttaka allra tryggð. Vinna skal að auknum náms- og
57 atvinnutækifærum fyrir þá sem eru með skerta starfsgetu.

58 **Barnvænt og sveigjanlegt samfélag**

59 Fæðingarorlof verði skilgreindur réttur barns til samvistar við foreldra/forsjáraðila, óháð
60 fjölskyldugerð, sem hægt er að taka allt þar til barn er fimm ára. Ef foreldrar eru tveir þá skiptist
61 réttur jafnt þeirra á milli. Barn með eitt foreldri/einn forsjáraðila skal njóta fullra réttinda.

62 Greiðslur úr orlofssjóði foreldra skulu miðast við 80% tekna. Hámark orlofsgreiðslna þarf að
63 hækka verulega. Tryggja skal að allir foreldrar hafi rétt á greiddu sumarleyfi eftir fæðingarorlof.

64 Hagsmuna barna er best gætt með því að hækka til muna rétt námsmanna, fólks í minna en
65 25% starfi og fólks sem er nýkomið út á vinnumarkað til fæðingarstyrks. Fjárhæð þess styrks
66 skal byggð á viðeigandi neysluviðmiðum hins opinbera.

67 Aðstöðumunur foreldra með sameiginlega forsjá en sitt hvort lögheimilið er enn þó nokkur, þótt
68 hlutir hafi færst til betri vegar á undanfönum árum. Viðreisn vill ganga lengra til að jafna stöðu
69 foreldra eftir sambúðarslit, þegar sátt er um það, með því að heimila skráningu lögheimilis barna
70 hjá báðum foreldrum. Þannig mun annað foreldri ekki hafa ríkari rétt en hitt til að taka afgerandi
71 ákvarðanir um daglegt líf barns þeirra.